



Dazhuna Davitashvili fæst við einn sjúklinga sinna.

Andalæknir vekur athygli í Sovét

Brésneff sagður skjólstaðingur

Moskvu, 29. apríl. AP. EINN þekktasti og virtasti læknir Sovétríkjanna, Irina Chekmacheva, sem veitir forstöðu einu fullkonnasta sjúkráhusi í Moskvu, hefur farið miklum viðurkenningarorðum um andalækni nokkurn. Sagt er að sjálfur Leoníd Brézneff, flokksleiðtogi og forseti Sovétríkjanna, sé einn af skjólstaðingum andalæknisins, sem er kona að nafni Dzhuna Davitashvili. Chekmacheva fullyrðir að glöggskyggni Davitashvillis í sjúkdómsgreiningu sé nær óskeikul, og beri úrskurði hennar saman við álit færustu lækna í 97% tilfella.

Chekmacheva kveðst hafa látið fara fram ýtarlega athugun á starfsemi andalæknisins, og hafi þá m.a. komið í ljós, að auk þess að greina sömu sjúkdóma og aðrir læknar finna í sjúklingunum, með því einu að fara um þá höndum, finni Davitashvili annan krank-

leika hjá um það bil helmingi sjúklinganna þ.e.a.s. sjúkleika sem hinir læknarnir hafi ekki orðið varir við, enda þótt þeir hafi á að skipa fullkonnasta tækniútbúnaði.

Grein um þetta birtist í tímaritinu Ogonyok í þessari viku, en nýlega var sagt frá starfi konunnar í Prövdu og fleiri blöðum. Hafa greinarhöfundar lagt áherslu á nauðsyn þess að komið verði á fót rannsóknarstofnun til að rannsaka fyrirbærið, en sjálf segir Davitashvili að það sé á engan hátt yfirnáttúrulegt. Hún heldur því fram að í kringum hvern einstakling sé lífðlissvið, sem sérlega næmt fólk — eins og hún sjálf — geti greint auðveldlega. Sjúkdómar hafi þau áhrif að þetta svið breytist og með því að renna höndum sínum yfir líkama sjúklinganna geti hún fundið hvaða líffæri starfi ekki eðlilega.



Hirohito Japanskeisari.

Japanskeisari áttæður

Tókýó, 29. apríl. AP. UM 75 þúsund manns komu saman við keisarahöllina í Tókýó í dag til Hirohito keisara á áttæðisafmæli hans. Óldungurinn birtist fjórum sinnum ásamt fjölskyldu sinni á skotheldri verönd hallarinnar og

talaði hlýlega til mannfjöldans. Mun þetta vera í fyrsta skipti sem hann viðhefur svo alþýðlega framkomu við slíkt tækifæri, en Japanskeisari hefur löngum lifað í upphafinni einangrun og verið dýrkaður sem goð af þegnum sínum.


Kjarvalsstaðir á morgun:

Fyrsta ljósmyndasýning Björns Rúrikssonar hér á landi opnuð

BJÖRN Rúriksson opnar á morgun ljósmyndasýningu að Kjarvalsstöðum í Reykjavík. Alls sýnir hann sextíu og þrjár myndir, teknar á árunum 1975 til 1981. Myndin er þriðja einkasýning Björns, en hann hefur áður sýnt í Newark Museum í New Jersey og í Nikon House í Rockefeller Center í New York. Þá hafa víða birst eftir hann myndir, svo sem í Iceland Review, New York Times og Lesbók Morgunblaðsins.


Myndirnar eru allar frá Íslandi, náttúru- og landslagsmyndir mest áberandi. Um fjörutíu af hundraði myndanna eru teknar úr lofti, og gefur þar að líta mörg kunn ornefni er hingað til hafa yfirleitt verið mynduð frá öðru sjónarhorni. Í sýningarskrá segir Björn að von hans sé að sýningin megi verða til þess, að kynna landið, þann fjársjóð er landsmönnum sé ljáður, og eigi að geta verið hverjum manni hvatning til dáða og sóknar fram á veg. Björn sagði í samtali við blaðamann Morgunblaðsins, að hann hafi byrjað að taka myndir fyrir um það bil tíu árum, og af nokkurri alvöru fyrir sex til átta árum. Hann var um tíma búsettur í Bandaríkjunum þar sem hann tók margar myndir, og segir það land vera frábært til ljósmyndunar vegna fjölbreytninnar. Öðru máli gegni um Evrópu, sem sé að Suður-Evrópu undanskilinni öll skógi vaxin. Ísland segir Björn vera mjög skemmtilegt land til ljósmyndatöku, bæði vegna fjölbreytilegs náttúru- og landslags, og einnig vegna hins endalausa skyggis hér, þar sem sjóndeildarhringurinn hverfur ekki í mistri og þöku eins og svo víða erlendis.

Björn Rúriksson fæddist í Reykjavík árið 1950. Hann varð stúdent frá M.R. 1972 og viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1980. Einkaflugmannspróf tók hann 1976, og frá 1975 til 1980 ferðaðist hann víða um Bandaríkin



Við opnun sýningar Björns í New York: Björn sýnir hinni kunnuleikkonu Ginu Lollobrigidu sýninguna, en hún er einnig þekktur ljósmyndari.

Ljós: Ragnar Axelsson.



Björn við uppsetningu á myndum sínum á Kjarvalsstöðum í gær. Stóra myndin, Keilir, er tekin af fjallinu Keili í vetrarklæðum, frá öðru sjónarhorni en fjallið er yfirleitt séð frá.

þar sem hann hélt fyrirlestra um Ísland í háskólum og vann einnig við önnur störf.

Sérstakt við sýninguna á Kjarvalsstöðum er meðal annars, að með því að ganga rangsælis um

hana og huga að myndum sem merktar eru með rauðum depli, má fá nokkuð samfellda mynd af jarðfræði landsins. Skýringablað liggur frammi fyrir þá er áhuga hafa á þessu.

Norðurlandaráðstefna skáta í Rvík

NORÐURLANDARÁÐSTEFNA skáta 1981 verður haldin að Hótel Loftleidum í Reykjavík dagana 30. apríl til 2. maí nk. Ráðstefna sem þessi er haldin 3ja hvert ár og til skiptis á Norðurlöndunum. Þarna koma saman stjórnir skátabandalaga allra Norðurlandanna og aðrir forystumenn skátastarfs viðkomandi landa. Helstu viðfangsefni ráðstefnunnar verða:

- 1) umræður um næstu alheimsráðstefnur skáta nk. sumar.
- 2) Samstarf Norðurlandanna í skátastarfi á komandi árum.
- 3) Tengsl Norðurlandaskátastarfs við Æskulýðssjóð Norðurlandaráðs.
- 4) Skipti milli Norðurlandanna á hugmyndum og verkefnum í skátastarfi.
- 5) Almennur áhugi og óskir um tólmundastarf fyrir 14—18 ára unglunga og hvernig nota má í skátastarfi þekkingu þar að lútandi.
- 6) Samstarf kven- og drengjaskáta í alþjóða-skátastarfi.

Framsöguerindi verða flutt um

Skagfirðingafélagið:

Kvennadeildin með fjáröflun

KVENNADEILD Skagfirðingafélagsins verður að venju með kaffisölu og hlutaveltu 1. maí og að þessu sinni í Skagfirðingahéimilinu Drangey, Síðumúla 35. Í frétt frá kvennadeildinni segir

að engin núll verði í hlutaveltunni, en ágóðinn af fjáröflun deildarinnar hefur á undanförunum árum ýmist runnið til líknar- eða menn-ingarmála.



Kaffisala til styrktar kristniboði

Kristniboðsfélag kvenna í Reykjavík efnir á morgun, 1. maí, til kaffisölu í kristniboðshúsinu Betaníu að Laufásvegi 13. Hefst hún kl. 14.30 og stendur til kl. 22 og rennur allur ágóði til íslenska kristniboðsins í Eþíópíu og Kenýa.

Í frétt frá Kristniboðsfélagi kvenna segir m.a., að prestarnir tveir, sem sátu í fangelsi í marga mánuði vegna trúar sinnar, hafi nú verið látnir lausir. „Fangelsun þeirra átti að hefta starf kirkjunnar, en hefur í þess stað orðið til að efla safnaðarstarfið að mun. Meðan yfirvöld stáðarins beita svipum til að safna fólk á áróðurssamkomu, þyrpist margmenni að prestum og prédikurum hvenær sem þeir birtast þrátt fyrir bann við kristilegu samkomuhaldi úti í héraðinu.“

Í Kenýa eru nú starfandi tvenn kristniboðahjón frá Íslandi, Kjellrun og Skúli Svavarsson og Valdis Magnúsdóttir og Kjartan Jónsson.